

Skipulagsfulltrúi  
Fljótsdalshérað  
Lyngási 12  
700 Egilsstaðir

Reykjavík 30. janúar 2019  
UST201901-154/K.S.J.  
10.04.02

### **Efni: Lýsing. Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs – tillaga að breytingu - Grund á Jökuldal**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Fljótsdalshrepps er barst 17. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs á svæði Grundar á efra Jökuldal.

Í lýsingu kemur fram að ofangreind jörð er í aðalskipulagi sveitarfélagsins skráð sem landbúnaðarsvæði. Einnig kemur fram að við bæjarstæðið er tilgreint frístundabyggðarsvæði F12, og að með breytingunni muni F12 hverfa en í staðinn koma punktafmörkun svæðis í flokki verslunar – og þjónustu.


### **Náttúruminjar**

Eins og fram kemur í lýsingu eru ekki verndarákvæði sem eiga við svæðið, en Umhverfisstofnun bendir á að skv. vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar er ofangreint svæði í jaðri mikilvægs fuglasvæðis sem nær yfir Jökuldalsheiði.

### **Uppbyggingaráform**

Í lýsingu kemur fram að áætlað er að skipuleggja þrjár lóðir fyrir ferðapjónustu og aðrar þrjár fyrir frístundahús/gistihús allt að 200 m<sup>2</sup> til útleigu fyrir ferðamenn, mest tvær hæðir. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að allar framkvæmdir falli vel að umhverfinu.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Axel Benediktsson  
Sérfræðingur